

30. september 2010

Hagnaður Landsbankans 9,4 milljarðar króna á fyrri hluta árs

Afkoma NBI hf. (Landsbankans) var jákvæð um 9,4 milljarða króna eftir skatta á fyrri hlemingi ársins en þar af nam hagnaður annars ársfjórðungs tæpum 1,1 milljarði króna. Til samanburðar var nam hagnaður ársins 2009 14,3 milljörðum króna. Rekstrararárangur bankans var í raun enn betri, ef undan er skilin afkomutengd gjaldfærsla til LBI hf. (gamla Landsbankans). Afkoma eftir skatta var þannig 15,4 milljarðar eða sem samsvarar 19,6% arðsemi eigin fjár.

Eiginfjárlutfall Landsbankans var 16,7% sem er vel umfram þá lágmarkskröfu sem Fjármálaeftirlitið gerir til bankans.

Helstu stærðir úr rekstri og efnahag fyrri helmingi ársins:

- Arðsemi eigin fjár var 11,9% en 19,6% fyrir afkomutengda gjaldfærslu til LBI hf.
- Hagnaður eftir skatta nam 9,4 ma.kr.en 15,4 ma.kr. fyrir þá gjaldfærslu.
- Vaxtamunur af meðalstöðu heildareigna var 2,6%.
- Eigið fé bankans var 167 ma.kr.
- Eiginfjárlutfall (CAD hlutfall) var 16,7% samanborið við 16,3% við lok fyrsta ársfjórðungs.
- Heildareignir bankans voru 1.087 ma.kr.
- Innlán í hlutfalli við útlán til viðskiptavina voru 61%.
- Rekstrarkostnaður bankans af reglulegri starfsemi nam 4,9 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi.

Annar ársfjórðungur einkenndist af bið eftir dómi Hæstaréttar um lögmæti erlendra lána sem síðan fellt 16. júní. Landsbankinn hefur með sérstökum varúðarfærslum tekið tillit til niðurstöðu þess dóms og einnig dóms Hæstaréttar um vaxtaviðmið gengistryggðra lána sem fellt 16. september. Vegna þessa gjaldfærði bankinn um 8,3 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi. Stærstur hluti þeirrar fjárhæðar er vegna virðisýrnunar lána SP-Fjármögnunar, dótturfélags bankans.

Sala á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf.

Þann 20. ágúst gerðu Landsbankinn og Framtakssjóður Íslands með sér samning um sölu bankans á öllu hlutafé í dótturfélagi hans, Vestia ehf. til sjóðsins. Þau félög sem fylgja með í kaupunum eru Icelandic Group, Húsasmiðjan, Teymi og Plastprent. Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og niðurstöðu áreiðanleikakönnunar sem mun ljúka á fjórða ársfjórðungi. Salan mun hafa mjög jákvæð áhrif á efnahagsreikning bankans því þessi félög verða ekki lengur hluti af samstæðu Landsbankans. Hagnaður af sölunni mun styrkja enn frekar eiginfjárlöðu Landsbankans.

Úrlausn skuldmála og hagræðing næstu verkefni bankakerfisins

Steinþór Pálsson tók við sem bankastjóri Landsbankans 1. júní. Hann segir að afkoma bankans sé góð þegar á heildina er litið: „Þegar tillit er tekið til þeirrar upphæðar sem rennur til LBI hf. sem hluta af uppgjöri bankanna tveggja, sést að rekstur Landsbankans er viðunandi í því árferði sem nú er.

Landsbankinn ætlar sér forystuhlutverk í uppbryggingu íslensks atvinnulífs. Undir því stendur aðeins fjársterkur banki og þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til eru allar til þess fallnar að styrkja stöðu bankans.

Meginmarkmið bankans nú er að hraða uppgjöri skuldamála heimila og fyrirtækja og búa þannig um hnúta að sem flestir uni sәmilega sáttir við sitt. Svigrúm bankans er takmarkað, en góð afkoma næstu árin mun skapa honum sveigjanleika sem viðskiptavinir hans munu njóta.

Við teljum að það sé mikilvægt að hagræða í bankakerfinu fyrr en síðar og höfum látið skýran vilja í ljós til að taka þátt í þeirri hagræðingu. Þar höfum við m.a. nefnt augljósan ávinning af sameiningu Landsbankans og Byrs svo dæmi sé tekið.“

Um Landsbankann

Landsbankinn er stærsta fjármálfyrirtæki landsins og rekur 34 útibú og afgreiðslur um land allt. Íslenska ríkið á 81,3% í Landsbankanum og Landsskil, sem er í eigu LBI hf. fer með tæplega 18,7% hlut. Rúmlega 1100 starfsmenn starfa hjá bankanum.

Nánari upplýsingar veita:

Landsbankinn – Kristján Kristjánsson

Tölvupóstur: pr@landsbankinn.is

Sími: 410 7100/899 9352